Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Stakkaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 7
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 7
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 7
7. Foreldrasamstarf 7
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 8
9. Þróunarverkefni 9
10. Fylgiskjöl: 9
10.1 Innra mat Múmíndals deildar/deilda 2025-2026 9
10.2 Innra mat Kattholt 2025-2026 10
10.3 Innra mat Undraland 2025-2026 11
10.4 Innra mat Sjónarhóll 2025-2026 11
10.5 Innra mat sérkennslu 2025-2026 13
11. Umbótaáætlun 13
11.1 Umbótaáætlun Múmíndeildar 2026-2027 13
11.2 Umbótaáætlun Kattholts 2026-2027 15
11.3 Umbótaáætlun Undralands og SJónarhóls 2026-2027 19
11.4 Umbótaáætlun sérkennslunnar 2026-2027 21
12. Umsögn foreldraráðs 24

1. Greinargerð leikskólastjóra

Þann 1. nóvember tók ég við starfi leikskólastjóra á Stakkaborg. Frá þeim tíma hef ég lagt áherslu á að kynnast skólanum vel, bæði börnunum, starfsfólkinu og þeirri menningu sem hefur skapast hér. Það hefur verið einstaklega gefandi að koma inn í starf þar sem einkunnarorð skólans, gleði, hreyfing og vinátta, sjást svo skýrt í daglegu starfi og samskiptum allra í húsinu.

Starf Stakkaborgar tekur mið af Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 þar sem lögð er áhersla á vellíðan, sköpun, félagsfærni og virka þátttöku barna í námi og leik. Á þessu starfsári höfum við verið að þróa áfram flæði í leikskólastarfinu og er það eitt af þeim verkefnum sem starfsfólkið hefur lagt sérstaka áherslu á. Með flæði viljum við skapa rólegra og opnara námsumhverfi, þar sem börn fá meira frelsi til að velja sér viðfangsefni út frá eigin áhuga og styrkleikum. Við viljum að börnin fái tækifæri til að kynnast öllu umhverfi leikskólans, hreyfa sig á milli rýma og finna þau svæði og viðfangsefni sem höfða til þeirra. Við sjáum að með þessu fá börnin meira sjálfstæði, aukið frumkvæði og dýpri tengingu við leikinn sinn.

Við höfum einnig verið að horfa til þess hvernig umhverfið sjálft getur stutt betur við leik, samskipti og nám barnanna. Sú hugsun tengist meðal annars hugmyndum John Dewey um að börn læri best í gegnum reynslu, þátttöku og virk samskipti við umhverfi sitt og fólkið í kringum sig. Við viljum að börnin upplifi að þau hafi val, geti fylgt eigin áhuga og fengið tíma til að sökkva sér í leikinn.

Á Stakkaborg starfa tveir verkefnastjórar sem sinna annars vegar tónlist og hins vegar hreyfingu barna og hefur það starf gefið mjög vel af sér. Tónlistarverkefnið er samstarfsverkefni með Nóaborg og Klömbrum í tengslum við Háskóla Íslands. Verkefnastjóri heldur utan um öflugt og faglegt starf sem hefur verið bæði börnum og starfsfólki afar gefandi. Þó samstarfsverkefninu fari nú að ljúka munum við halda áfram að vinna með þær áherslur sem þar hafa skapast hér í Stakkaborg. Verkefnastjóri hreyfingar heldur utan um markvissa hreyfingu bæði í sal leikskólans og í íþróttahúsi Háteigsskóla. Það starf hefur styrkt börnin á margvíslegan hátt og tengist vel okkar einkunnarorðum; gleði, hreyfingu og vináttu. Með hreyfingunni fá börnin tækifæri til að efla sjálfstraust sitt, samvinnu, líkamsvitund og hreyfiþroska í gegnum leik og gleði.

Í maí fór starfsfólk og stjórnendur leikskólans í námsferð til Hollands þar sem við sóttum meðal annars námskeið hjá Kans Kwadraat sem sérhæfir sig í samskiptum og faglegri þróun í starfi með börnum. Námskeiðið gaf okkur góða innsýn í mikilvægi samskipta, tengslamyndunar og meðvitaðrar nærveru í starfi leikskólans og tengdist vel þeirri vinnu sem við erum að þróa hér innan skólans.

Við heimsóttum einnig Montessori skóla þar sem við fengum að sjá hvernig umhverfi, sjálfstæði og ábyrgð barna eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Sú heimsókn gaf okkur margar hugmyndir og staðfesti mikilvægi þess að skapa námsumhverfi sem hvetur börn til sjálfstæðis, frumkvæðis og virkrar þátttöku í eigin leik og námi.

Ég hlakka til að halda áfram þessu þróunarstarfi með öflugu starfsfólki Stakkaborgar þar sem velferð barna, gleði og fagmennska verða áfram leiðarljós í okkar starfi.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Flæði í leik og námi barna
Hvernig fór matið fram?	Skráningar, fagleg ígrundun og fylgst með þátttöku barna, nýtingar rýma og upplifun þeirra á auknu sjálfstæði í frelsi og leik
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk á deildinni, deildarstjóri og börnin
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Aukið sjálfstæði barna, dýpri og lengri leikferli og meira ró og einbeitingu í daglegu starfi

Hvað var metið? Hreyfing og tónlist sem námsleið	
Hvernig fór matið fram?	Ígrundun starfsfólks með börnunum í skipulögðum hreyfi- og tónlistarstundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Verkefnastjórar ásamt starfsfólki deildarinnar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Börnin sýndu aukna gleði, virkni og sjálfstraust í gegnum hreyfingu og tónlist

Ytra mat

Hvað var metið?	Faglegt þróunarstarf
Hvernig fór matið fram?	Teymisfundir, stjórnendafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendateymi og deildarstarfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Aukið faglegt lærdómssamfélag, sterkari samvinna og markvissari þróun starfshátta

Hvað var metið? Sýnileiki náms og leikja	
Hvernig fór matið fram?	Skráningar, myndir, upplýsingagjöf til foreldra og samtöl í daglegu starfi

Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Deildarstjórar, stjórnendateymi, foreldrar og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Skýrari sýn á nám barna og aukinn skilningur foreldra á leik sem námsleið

Hvað var metið? Teymisvinna	
Hvernig fór matið fram?	Teymisfundir,samræður, ígrundun og eftirfylgni verkefna í daglegu starfi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Þeir sem eru í tilfallandi teymum
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Eflir teymisvinnu, verkaskiptingu og aukinn samvinna í daglegu starfi

Hvað var metið? Fjölmenning	
Hvernig fór matið fram?	Skráningar, ígrundun starfsfólks og samtöl um þátttöku barna, málörvun og stuðning í daglegu starfi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Fjölmenningarfulltrúi, stjórnendateymi og starfsfólk deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Aukinn meðvitund um mikilvægi markvissrar málörvunar, sjónræns stuðnings og virkrar þátttöku allra barna í daglegu starfi

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leggja áherslu á að byggja áfram á öflugu faglegu starfi skólans, styrkja flæði í námi og leik og efla sameiginlega faglega sýn í nýju stjórnunarhlutverki
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að nýta stjórnendaskipti til að styðja við áframhaldandi faglega þróun, styrkja flæði í leik og námi, efla samhæfða sýn starfsfólks og viðhalda sterkum leikskólabrag. Stefnt er að auknu sjálfstæði barna, dýpri leik, skýrara skipulagi og enn sterkari liðsheild og fagmennsku í daglegu starfi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með reglulegum stjórnenda- og teymisfundum, markvissri faglegri ígrundun starfsfólks, sameiginlegri endurskoðun og þróun flæðis í daglegu starfi, styrkingu upplýsingaflæðis og verkferla eftir þörfum, auk áframhaldandi vinnu með skráningar og mat á námi barna í leik
Ábyrgð	Leikskólastjóri, stjórnendateymi og starfsfólk Stakkaborgar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1.nóvember 2025-út starfsferil leikskólastjóra
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og í lok skilgreindra tímabila í tengslum við innra mat skólans. Notast er við fjölbreyttar matsaðferðir, svo sem reglulega teymis- og starfsmannafundi, faglega ígrundun, skráningar í daglegu starfi, rýnihópa starfsfólks, foreldrakannanir og samtöl/viðtöl við börn. Þá er einnig nýtt endurgjöf frá foreldrum og sameiginleg greining á gögnum til að meta þróun og árangur umbóta
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Skýr sameiginleg fagleg sýn og stöðug stjórnun sem endurspeglast í samræmdum verkferlum og góðu upplýsingaflæði, markviss þróun uppeldis- og menntastarfs

stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	með innleiðingu flæðis og auknu sjálfstæði barna í leik, sterk liðsheild og jákvæður leikskólabragur sem einkennist af trausti, samstarfi og vellíðan starfsfólks, auk virks og reglubundins innra mats sem nýtist til stöðugrar umbóta og faglegrar þróunar

4. Starfsþróunarsamtöl

Viðtölin fóru fram við allt starfsfólk í febrúar til apríl 2026, hver og einn fékk tækifæri til að rýna í eigin starfsþróun, koma með hugmyndir af þáttum til að auka eigin þekkingu eða fyrir allann skólann.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Á starfsárinu 2026–2027 verður fræðsla og starfsþróun starfsfólks Stakkaborgar áfram byggð á umbótaáætlun skólans, skólanámskrá og Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Við munum sérstaklega halda áfram að vinna með flæði í leik og námi, sjálfstæði barna og leikskólabrag, ásamt því að styrkja sameiginlega faglega sýn í starfsmannahópnum. Einnig verður tekið mið af starfþróunarsamtölum þar sem áherslur og þarfir starfsfólks koma fram.

Í fræðslu vetrarins verður meðal annars boðið upp á skyndihjálpanámskeið fyrir allt starfsfólk til að tryggja öryggi og fagleg viðbrögð í daglegu starfi. Þá er einnig stefnt að því að fara í heimsóknir í leikskóla innanlands þar sem við skoðum mismunandi starfshætti út frá okkar eigin stefnu og áherslum, með það að markmiði að fá hugmyndir og innblástur til áframhaldandi þróunar í Stakkaborg. Starfsdagar verða nýttir í þessa vinnu, ásamt innanhúss fræðslu, teymisvinnu og sameiginlegri ígrundun um starfið okkar.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli leikskólanna í hverfinu var mikið á árinu, meðal annars í tengslum við tónlistarverkefni sem unnið var að með leikskólunum Klambrar og Nóaborg í samstarfi við Háskóli Íslands. Þegar verkefninu lauk var haldin uppskeruveisla fyrir starfsfólk leikskólanna þar sem verkefnið og afrakstur þess voru kynnt. Samstarf við Háteigsskóli var minna en ég hefði kosið, en ég hef nú þegar óskað eftir því að efla það næsta haust og mögulega verður fundað frekar um það í framhaldinu.

7. Foreldrasamstarf

Á komandi skólaári verður áfram lögð áhersla á opið og gott foreldrasamstarf þar sem foreldrar fá tækifæri til þátttöku og samráðs um skólastarfið. Áður en leikskólastjóri hóf störf var haldinn foreldrafundur þar sem farið var yfir starf skólans og þær áherslur sem fram undan voru. Fundurinn

skapaði góðan vettvang fyrir opnar samræður og á honum var jafnframt kosið í foreldraráð og foreldrafélag leikskólans.

Foreldraráð og foreldrafélag hafa verið virk á skólaárinu og samstarfið gengið vel. Þann 13. apríl var haldinn fundur með foreldraráði og foreldrafélagi þar sem farið var yfir skipulag vors og sumars, meðal annars sumarhátíð leikskólans sem foreldrar sjá um að skipuleggja. Einnig var ákveðið að bjóða upp á heimsókn frá Krakkahestum um vorið. Lögð verður áfram áhersla á regluleg samskipti og sýnileika náms og leikja barna í daglegu starfi.

Stakkaborg býður foreldrum að taka þátt á allskyns viðburði yfir árið eins og að koma og mála skó og borða piparkökur fyrir jólin, drekka heitt súkkulaði og skreyta, foreldrakaffi ýmist fyrir bóndadaginn og konudaginn og svo er fyrirhugað á næsta ári að hafa opið hús í apríl þar sem við byrjum á heilli viku að bjóða foreldrum að koma og vera með okkur í starfi og endum svo á opnu húsi á föstudeginum 14.maí 2027.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Í vor var stefnt að námsferð starfsmanna leikskólans til Búdapest og hafði undirbúningur þeirrar ferðar þegar hafist. En ekki tókst þó að finna flug sem hentaði hópnum og því var ákveðið að fara þess í stað í námsferð til Haag í Hollandi. Ferðin tókst vel og gaf starfsfólki tækifæri til að kynna sér nýjar áherslur og starfshætti í leikskólastarfi ásamt því að efla samveru og faglegt samstarf innan hópsins.

Á næsta skólaári verða 6 skipulagsdagar:

- 24. Ágúst – undirbúningur fyrir aðlögun og skipulags haustsins (Blær námskeið – á eftir að fá það staðfest)
- 30. september – sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu – skyndihjálparnámskeið
- 27. Nóvember -
- 5. febrúar – sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu – dagur leikskólans (Lubba fræðsla – á eftir að fá það staðfest)
- 10.Mars
- 27. apríl – sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu - Menntastefnumót

Starfsmannafundir verða haldnir tvisvar sinnum yfir árið, þá mánuði sem ekki voru skipulagsdagar. Fundirnir voru frá kl. 16:30–18:30 og var vikudögum skipt niður til að dreifa álagi sem best.

Fundardagar voru:

- 13. október
- 12 Maí

Í samráði leikskólastjóra og foreldraráðs var áfram unnið eftir þeirri ákvörðun sem tekin var haustið 2023 um fyrirfram ákveðið sumarleyfi leikskólans. Lokun yfir sumartímann miðast því áfram við fjórar vikur (20 daga) og opnað er aftur á fimmtudegi eftir Verslunarmannahelgi.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	**Samstarfsaðilar**	**Hver styrkir?**
Tónlistarverkefnið „Tónlistariðkun í þremur leikskólum“	Stakkaborgar, Klambra, Nóaborgar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands þar sem unnið er með þróun og kortlagningu tónlistarstarfs í leikskólunum	Verkefnið fékk styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði Reykjavíkurborgar, *Látum draumana rætast*. Samstarfsverkefnið „Tónlistariðkun í þremur leikskólum“ hlaut þar 8 milljóna króna styrk

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Múmíndals deildar/deilda 2025-2026

Skólaveturinn byrjaði eins og vanalega að stilla saman ólíka aldurshópa og starfsfólk. Á Múmíndal sem er tveggja deilda, rekið saman sem ein deild, þar voru 11 börn fædd 2020 , þarf af þrjú börn með mikla sérkennslu, 25 börn fædd 2021, þar af eitt barn með sérkennslu og 8 börn fædd 2022. Við byrjuðum veturinn eins og oft áður að hver hópstjóri tók sinn hóp og settist niður til að finna hvar áhugi barnanna liggur og á hvað hátt við gætum leyft þeim að blómstra í frjálsa leiknum. Stilla þurfti saman nýtt starfsfólk og fólk sem unnið hafði áður.

Styrkleikar

Tveir kennaramenntaðir deildarstjóra sem starfa saman að sömu markmiðum.

Vel gekk að nýta styrkleika starfsfólks í þágu barnanna. Þar sem börnin fengu tækifærri á að nýta hugmyndir sínar og framkvæma.

Nýja húsnæðið og garðurinn í kringum hann nýtist vel í þágu barnanna.

Öll börn eru með fastan tíma hjá íþróttakennara og allir hafa einnig fastan tíma hjá tónlistakennarar.

Elstu börnin voru duglega að fara í ferðir út fyrir leikskólann, þar sem þau lærðu margt um strætó og

Tækifæri

Að hóparnir rúlli betur á milli starfmanna á hverjum degi.

Fá starfsfólk til að vinna betur eftir stundartöflu.

Að nota eldstæðið að lámarki einu sinni í mánuði fyrir afmælisbörnin

10.2 Innra mat Kattholt 2025-2026

Deildin opnaði í febrúar 2025. Á deildinni eru 22 börn, 8 börn fædd árið 2022 og 14 börn fædd árið 2023. Á deildinni eru 11 drengir og 11 stúlkur. Tvö börn fá sértækan stuðning í námi og þroska. Barnahópnum var skipt í þrjá hópa og hafði hver hópur sinn hópstjóra. Lögð hefur verið áhersla á samverustundir, sérstaklega fyrir útiveru og hádegismat, þar sem unnið er með málörvun, hlustun og félagsfærni.
Unnið hefur verið með Lubba í málörvun og Blæ í tengslum við tilfinningar og samskipti. Börnin hafa tekið þátt í fjölbreyttu starfi eins og tónlist, íþróttum, útikennslu og skapandi starfi. Einnig hefur verið unnið með flæði eftir síðdegi, bæði með Undralandi á haust- og vetrartíma og eftir hvíld á vorin fram að síðdegi.
Í útikennslu hefur verið lögð áhersla á að efla hreyfiþroska, félagsfærni, málþroska og forvitni barnanna í gegnum leik og upplifun í nærumhverfinu. Börnin hafa fengið reglulega tækifæri til að kanna náttúruna, árstíðirnar og veðrið með öllum skynfærum sínum. Unnið hefur verið með orðaforða, liti, form, hljóð og hreyfingu á aldurshæfan hátt í gegnum söngva, samræður og fjölbreytt verkefni utandyra. Börnin hafa sýnt aukið sjálfstæði og áhuga á útiveru og tekið virkan þátt í leik og könnun. Útikennslan hefur haft jákvæð áhrif á líðan barnanna, samveru og hreyfigleði.

Styrkleikar

Helstu styrkleikar deildarinnar eru jákvæður starfsandi og sterk tengsl milli barna og starfsfólks sem hafa myndast strax frá upphafi. Hópaskipting og hópstjórakerfi hefur reynst mjög vel og skapað öryggi, ró og góða yfirsýn í daglegu starfi. Börnin hafa sýnt góðar framfarir í sjálfstæði, samskiptum og þátttöku í leik og skipulögðu starfi.
Samverustundir hafa nýst vel til að efla málörvun, hlustun og félagsfærni, og unnið hefur verið markvisst með Lubba og málhljóðin sem hefur stutt við málþroska og orðaforða barnanna. Einnig hefur vinna með Blæ og tilfinningar verið mikilvæg, þar sem börnin hafa lært að þekkja og tjá tilfinningar sínar og styrkt samskipti og vellíðan í hópnum.
Fjölbreytt útinám hefur verið sterkur þáttur í starfinu, þar sem gönguferðir, útikennsla, bókasafnsferðir og strætóferðir hafa aukið reynslu, forvitni og sjálfstraust barnanna. Mikil áhersla hefur verið lögð á skapandi starf og föndur sem hefur stutt við ímyndunarafl og fínhreyfingar. Tónlist og hreyfing hafa einnig verið reglulegur hluti af starfinu og börnin tekið virkan þátt.
Flæði í starfi, meðal annars með Undralandi, hefur gengið vel og stuðlað að auknum samskiptum og fjölbreyttum leik. Starfsfólk hefur sýnt góðan sveigjanleika, samvinnu og fagmennsku í öllu starfi deildarinnar.

Tækifæri

Tækifæri í starfi deildarinnar felast meðal annars í aukinni samvinnu milli deilda og áframhaldandi þróun sameiginlegrar sýnar í starfinu. Með sterkari tengingu og betra samstarfi milli deilda er hægt að efla samfellu í námi barnanna, tryggja meira jafnræði í starfsháttum og skapa sameiginleg markmið sem styðja við þroska og vellíðan allra barna.Einnig eru tækifæri til að styrkja faglegt samstarf starfsfólks enn frekar, deila hugmyndum og aðferðum og nýta styrkleika hvers og eins. Með sameiginlegri sýn verður auðveldara að vinna markvisst að lykilþáttum eins og málörvun, félagsfærni og sjálfstæði barnanna í daglegu starfi.
Auk þess felast tækifæri í að þróa áfram fjölbreytt námsskipulag, t.d. í útinámi, skapandi starfi og hópastarfi, þar sem samstarf deilda getur opnað á fleiri hugmyndir og nýjar leiðir í starfi með börnum.

10.3 Innra mat Undraland 2025-2026

Styrkleikar

Útinám og græn skref: Gekk vel að aðlaga ný börn að garðinum og bjóða yngri að nýta litlu lóð. Göngutúrar og skipulag gengu vel að vori.

Flæðilestur:

Hér á Stakkborg er Lubbaáætlun og með henni fylgir bók fyrir hvert málhljóð. Það var nýtt af hluta og sett upp á bókasafnið svo aðgengi var gott.

Tækifæri

Setja niður hvenær útinám er í forgangi og hvenær önnur verkefni þurfa meira rými. Mögulega að útinám bæði gönguferðir og virk samvera í útiveru fái aukið vægi að hausti sem og vormánuðum en yfir hávetur fái annað starf sem vill taka yfir sitt rými.

Ræða skipulag milli yngri deilda og stuðning með skipulögðum fundum hjá deildarstjórum yngri deilda. Taka fyrir á deildarfundum hvað við viljum gera með krökkunum í útiveru til að efla þátttöku þeirra og tengsl við hóp. Þ.e. markmiðið með útikennslu og að tengja þau við græn skref. Félagsleg tengsl og samvera í hóp er e.t.v. nægjanlegt markmið.

Niðurstaða: Við náðum ekki markmiðum um útikennslu einu sinni í viku og ekki tengingu við græn skref eða Gera enn betur með sameiginlegan lestur í smærri hópum og lesa fyrir hvert og eitt barn. Hér þarf að ákveða að fylgja eftir markmiðinu út allan veturinn og ræða á deildarstjórafundum sem og deildarfundum.

10.4 Innra mat Sjónarhóll 2025-2026

Sjónarhóll Innra mat 2026-2027

Í vetur voru á deildinni 13 börn, þar af voru 8 með fleiri en eitt tungumál. Hluti af þessum börnum hafði aldrei heyrt íslensku fyrr en hjá okkur og byggðist starfið þ.a.l. að stórum hluta á málörvun sem við tókum inn í flesta þætti t.d. frjálsa leikinn, hópastarf, samverustund, söngstund, matmálstíma o.fl.

Útivera er stór hluti af starfinu og markmiðið er alltaf að fara út daglega og tvisvar á dag þegar veður leyfir. Við nýttum leiksvæði leikskólans að mestu fyrir útiveru, en fórum einnig í vettvangsferðir.

Í hópastarfi unnum við með börnunum í litlum hópum í myndlist, tónlist, hreyfingu, könnunarleik ofl. Við vorum líka með tónlistarkennara og íþróttakennara sem komu inn á deildina með tónlist og hreyfingu.

Einnig unnum við með Lubba og Blæ.

Styrkleikar

Samheldinn starfsmannahópur sem hefur unnið lengi saman. Deildin var vel mönnuð í vetur og starfsmenn deildarinnar samheldinn hópur sem hefur unnið lengi saman og þekkist vel.

Frjálsi leikurinn hefur mikið vægi á Sjónarhóli. Í gegnum leikinn læra börnin að taka tillit, samskipti við aðra, að þekkja rétt og rangt og að deila með öðrum ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu.

Íþróttakennari og tónlistarkennari koma inn á deildina með skipulagðar stundir.

Tækifæri

Nýta styrkleika starfsfólks og auka samvinnu milli deilda. Deildarstjórar hittast með reglulegu millibili og samræma starfið.

Leggja aukna áherslu á að vinna að vináttuverkefni Barnaheilla. Tímasetja Blæstundir með hópstjórum.

Taka útinám markvisst inn í dagskipulagið. Tímasetja stundir þar sem hver hópstjóri fer með sinn hóp í útikennslu.

10.5 Innra mat sérkennslu 2025-2026

Styrkleikar

Það gekk ágætlega að vinna að umbótaráætlun 2025-2026. Til að byrja með vantaði þó starfsfólk innan sérkennslunnar en á miðri vorönn 2026 náðist að fylla í allar stöður.
Það gekk vel að vinna að teymisvinnu þar sem sérkennslustjóri gerði stundatöflur fyrir allt starfsfólkið í sérkennslunni varðandi hvaða barn það var með í stuðning hverju sinni. Við reyndum að skipta því þannig upp að það voru tveir aðilar sem unnu með tvö börn í sameiningu, en samt sem áður voru allir tilbúnir í breytingar á skipulagi ef upp komu veikindi eða annað. Við erum komin með fagfólk innan sérkennslunnar sem er jákvæð þróun; það er einn kennara, einn þroskaþjálfa og einn sálfræðing.
Það gekk ágætlega að stuðla að fræðslu innan sérkennsluteymisins þó það megi skerpa enn frekar á því en sérkennslustjóri reyndi að nýta samráð sérkennslunnar í að veita öllum upplýsingar, hugmyndir af fræðslu til að afla sér í undirbúningstímum og stuðla að ráðagóðum samskiptum varðandi börnin.
Einnig gekk vel varðandi sjónrænar vísbendingar innan leikskólans, það varð aukning á þeim en það má þó bæta það enn frekar .

Tækifæri

Með auknu fagfólki innan sérkennslunnar og þar með aukinni fagþekkingu er hægt að nýta þá styrkleika áfram og betur í starfi. Teymisvinnan er komin í nokkuð fastar skorður þó það þurfi alltaf að breyta skipulagi eftir fjölda barna sem eru með stuðning ásamt fjölda starfsfólks innan sérkennslunnar. En við sjáum tækifæri til þess að stuðla enn frekar að lærdómssamfélagi eða miðlun fræðslu innan teymisins. Einnig má halda áfram að stuðla að sjónrænum vísbendingum innan leikskólans.

11. Umbótaáætlun

11.1 Umbótaáætlun Múmíndeildar 2026-2027

Múmíndalur/4-5 ára	Útikennsla/Gróðurhús
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla tengja hana við gróðurhúsið

Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta gróðurhúsið til kennslu og rækta grænmeti til eigin neyslu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Öll börn fari markvisst einu sinni í viku í útikennslu að lágmarki. Settir niður dagar fyrir hvern hóp. Kynna okkur betur ræktun
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir, starfsdagar, viðtöl við elstu börnin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Tókst okkur að fara markvissa útikennslu eins og rækta grænmeti til eigin neyslu

Múmíndalur/4-5 ára	**Læsi**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markviss lestur (í tengslum við – Lubbi finnur málbeinið)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss lestur á deildinni í tengslum við - Lubbi finnur málbeinið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bækur valdar fyrir hvern mánuð. Lesið í litlum hópum og einstaklingslestur með sömu bók. Kynnt fyrir foreldrum. Veljum bækur og orðalista út frá Orð eru ævintýri.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fundir með deildarstjórum einu sinni í mánuði, deildarfundir og orðaforðalisti sem við viljum þróa.

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	

11.2 Umbótaáætlun Kattholts 2026-2027

Kattholt aldur barna 2-3 ára	Flæði í daglegu starfi
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði í daglegu starf og samstarf milli yngri deilda
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla samvinnu yngri deilda, skapa sameiginlega faglega sýn og stuðla að markvissara flæði í daglegu starfi og milli deilda.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vikulegir fundir með deildarstjórum yngri deilda, Sjónarhóli, Undralandi og Kattholti Sameiginlegt skipulag fyrir flæði milli deilda. Samræma dagsskipulag og venjur þar sem það á við. Deila hugmyndum, verkefnum og kennsluefni milli deilda. Skipuleggja sameiginleg verkefni eða samverustundir yfir skólaárið. Auka samstarf starfsfólks milli deilda með gagnkvæmum heimsóknum.
Ábyrgð	Deildarstjórar yngri deilda
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2026 ...
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir deildastjóra Meta samstarfið reglulega á deildarstjórafundum. Rýna í hvernig flæði og aðlögun barna gengur milli deilda. Samræður starfsfólks um upplifun og árangur samstarfsins

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samrýma faglega sýn og skipuleggja aðlögun og flæði milli deilda og nýtingu garða. Sameiginleg sýn og aukið samstarf milli yngri deilda endurspeglast í skipulagi og daglegu starfi. Starfsfólk upplifir aukið öryggi og betra upplýsingaflæði milli deilda. Flæði barna milli deilda verði markvissara og skipulagðara. Samræmd vinnubrögð sjáist í daglegu starfi deildanna.

Kattholt/aldur barna 2-3 ára	**Blær vinaverkefni Barnaheilla**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Blær vinaverkefni Barnaheilla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta Blæ bangsann og tónlistana í daglegu starfi Setja fastan dag á Blæstund í hópastarfi Efla tilfinningalæsi barna í daglegum aðstæðum. Styðja börn í samskiptum, sjálfstjórn og félagsfærni. Samræma notkun Blæs á öllum yngri deildum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa sýnilegt skipulag plan fyrir Blæstundir. Nýta Blæ í samverustundum, söng og daglegum samskiptum. Hengja upp tilfinningamyndir eða sjónrænan stuðning tengdan Blæ. Deila hugmyndum og verkefnum milli deilda.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk yngri deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til maí 2027

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir deildarstjóra og nýting á deildarfundum. Skráning á Blæstundum og þátttöku barna. Samræður á deildarfundum um framfarir og áskoranir. Fylgst með hvort börn nýti orð yfir tilfinningar í daglegu starfi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ræða um stundir við starfsfólk og matsblað fyrir hverja stund sem má taka saman og ræða. Blæstundir séu reglulegur hluti af starfi allra yngri deilda. Börn sýni aukna færni í að tjá tilfinningar og eiga samskipti. Starfsfólk nýti Blæ markvisst í daglegu starfi. Samræmd vinnubrögð sjáist í notkun verkefnisins á deildunum.

Kattholt/aldur barna 2-3 ára	**Útinám / útikennsla**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf – útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla markvissa útikennslu og nýta nærumhverfi leikskólans betur til náms og leikja.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja reglulegar útikennslustundir. Nýta náttúru og nærumhverfi í málörvun, hreyfingu og könnun. Samræma verkefni og hugmyndir milli yngri deilda. Auka fjölbreytni í útinámi yfir allar árstíðir.

Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk yngri deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samræður á deildarfundum, skráningar starfsfólks og mat á þátttöku og áhuga barna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Útikennsla verði reglulegur hluti af starfi yngri deilda og börn sýni aukinn áhuga á útiveru, könnun og hreyfingu.

Kattholt/aldur barna 2-3 ára	**Lubbi-málörvun**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldis- og menntastarf – málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla markvissa málörvun í gegnum Lubba og samþætta verkefnið betur inn í daglegt starf.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja fasta Lubbastund í vikuskipulag. Nýta Lubba í samverustundum, söng og leik. Samræma áherslur milli yngri deilda. Efla orðaforða og hljóðavitund barna í daglegum aðstæðum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og allt starfsfólk yngri deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samræður á deildarfundum, skráningar og mat starfsfólks á þátttöku barna og framförum.

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Lubbi verði sýnilegur og reglulegur þáttur í starfi deildanna og börn sýni aukinn áhuga á máli, söng og hljóðum tungumálsins.

11.3 Umbótaáætlun Undralands og Sjónarhóls 2026-2027

Undraland og Sjónarhóll/aldur barna	**Yngri deildir**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Samstarf milli yngri deilda
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Samvinna yngri deilda og sameiginleg sýn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vikulegir fundir með deildarstjórum yngri deilda, Sjónarhóli, Undralandi og Kattholti
Ábyrgð	
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Maí 2026 til Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir deildastjóra
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samrýma faglega sýn og skipuleggja aðlögun og flæði milli deilda og nýtingu garða.

Undraland og Sjónarhóll /aldur barna	Yngri deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Blær vinaverkefni Barnaheilla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta Blæ bangsa og tónlistina í daglegu starfi Setja fastan dag á Blæstund í hópastarfi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja inn í skipulag deildar Fræða starfsfólk
Ábyrgð	Allt starfsfólk á deildum
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir deildstjóra og nýta áætlun á deildarfundum og samræður við starfsfólk á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ræða um stundir við starfsfólk og matsblað fyrir hverja stund sem má taka saman og ræða.

Undraland og Sjónarhóll /aldur barna	Yngri deildir/Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikur barna í útiveru og hlutverk kennara.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þemu eftir mánuðum í útiveru
Ábyrgð	Allt starfsfólk á deildum

Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar í útiveru Deildarfundir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hvert barn á útinámsskráningu í sínum leik

11.4 Umbótaáætlun sérkennslunnar 2026-2027

Sérkennsla/0-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lærdómssamfélag og fræðsla innan sérkennsluteymis.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að markviss fræðsla fari fram innan teymisins, þar sem starfsmenn sérkennslunnar nýta hluta af undirbúningstíma sínum í að fræðast um þá þætti sem við vinnum að með þeim börnum sem þurfa á auknum stuðning að halda í leikskólastarfi. Einnig að miðlað sé markvisst frá þeim námskeiðum eða fræðslum sem starfsfólk fer á.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja niður fræðsluefni í lifandi skjal sem hægt er að nýta sér í undirbúning. Starfsfólk sérkennsluteymis geti komið með nýjar hugmyndir að fræðslu sem nýtist okkur og sé duglegt að miðla á milli áhugaverðu efni sem þau rekast á. Einnig að það sé gefinn tími í Samráði sérkennslunnar að miðla frá námskeiðum eða fræðslum sem starfsfólk fer á.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til Júní 2027.

Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Í samráði sérkennslunnar þrisvar sinnum yfir tímabilið. T.d. í Nóvember 2026, Janúar 2027 og Maí 2027.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skoða skjalið í sameiningu og spyrja starfsfólk sérkennslunnar hvernig hefur gengið að kynna sér þetta efni. Spyrja hvort að þeim finnist vanta eitthvað meira inn í skjalið og hvort þau séu með hugmyndir til umbóta.

Sérkennsla/0-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjónrænar vísbendingar innan leikskólans.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka sjónrænar vísbendingar innan leikskólans t.d. í útiveru. Einnig meiri notkun á tjáskiptatöflum innan leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa fleiri sjónrænar vísbendingar sem nýtast börnunum og þá sérstaklega fjöltyngdum börnum í starfi. Í útiveru þarf að útbúa myndir og velja stað fyrir þær í samráði við stjórnendur leikskólans. Einnig má auka þekkingu alls starfsfólks á tjáskiptatöflum og notkun þeirra.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til Júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á Stjórnendafundum leikskólans þrisvar sinnum yfir tímabilið t.d. Nóvember 2026, Janúar og Maí 2027. Spyrja stjórnendur leikskólans hvernig gengur varðandi sjónrænar vísbendingar og notkun þeirra inn á deildum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar sjónrænar vísbendingar eru orðnar sýnilegar inn á deildum og notkun á þeim er búið að skila sér til starfsfólks leikskólans.

Sérkennsla/0-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Markvissir Lausnateymisfundir og Farsæld barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að hafa markvissa Lausnateymisfundi og hafa Farsæld barna sýnilegri innan leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa Lausnateymisfundi fasta einu sinni í mánuði sem hluti af því þegar Stjórnendateymið hittist. Hafa sýnilegra innan leikskólans um Farsæld barna, hver er tengiliður Farsældar og auglýsa betur Farsældarvikuna.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til Júní 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á Stjórnendafundum leikskólans þrisvar sinnum yfir tímabilið t.d. Nóvember 2026, Janúar og Maí 2027. Spyrja stjórnendur leikskólans hvernig gengur með Lausnateymisfundina og hvort allir starfsmenn leikskólans séu meðvitaðir um Farsæld barna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þegar Lausnateymisfundir nást að vera reglulega, það er um einu sinni í mánuði. Allt starfsfólk er orðið meðvitað um Farsæld barna, hver tengiliður Farsældar er og hvernig það ferli virkar og starfsmenn séu meðvitaðir um það þegar Farsældarvikan er.

F. h. leikskólans Stakkaborgar

_____Steinunn Huld Gunnarsdóttir 29/5/2026_____
Leikskólastjóri Dagsetning

12. Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXX
XXXXX XXXXXX

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Stakkaborgar 2026-2027

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2026-2027. Starfsáætlunin er skýr og auðlesin. Hún veitir góða innsýn í starfið og jafnframt hvernig starfið er metið og hvaða aðgerðir á að fara í til þess að bæta árangur. Það er mjög jákvætt að sjá að áherslan í síðustu starfsáætlun um aukið samstarf milli leikskólanna í hverfinu, þ.e. Nóaborgar, Klambra og Stakkaborgar, hafi gengið eftir. Það er miður að samstarf við Háteigsskóla hafi verið lítið og er tekið undir það sem fram kemur í starfsáætlun að reyna auka það.

Foreldraráðið telur jákvætt að lögð sé áhersla á málörvun, tungumálakennslu og lestur í áætluninni, en jákvæð áhrif þess fyrir námsferil barnanna verða seint ofmetin. Þá verður að hrósa starfsfólki og stjórnendum skólans sérstaklega fyrir gott faglegt starf sem börnin njóta góðs af í dag og munu halda áfram að byggja á, á næstu skólastigum.

Telur foreldraráð að vel hafi gengið hjá starfsmönnum og stjórnendum í skipulagi og framkvæmd kennslu þrátt fyrir miklar breytingar með stækkun skólans og nýjan leikskólastjóra.

Fulltrúar í foreldraráði:
Gísli Óskarsson, Dagný Ósk Aradóttir Pind, Steinunn Ketilsdóttir, Hanna María Heiðarsdóttir, Særún Anna Traustadóttir, Heba Eir Kjeld.